



## Afmælikveðja frá forseta Íslands

Mannlíf á Seltjarnarnesi fóstaði okkur vel. Oft leitar hugurinn yfir sjóinn sem skilur Álftanesið og Valhúsaheð. Frá bæjarhlaðinu á Bessastöðum blasa við kirkjan og vitinn.

Margan góðan morguninn þegar ég arka hér um og skokka mér til heilsubótar rifjast upp morgunstundir í misjöfnum veðrum þegar leið lá ýmist kringum hæðina, í æfingar hjá sundlauginni og upp brekkuna eða út með sjónum, framhjá Gróttu á vit kríunnar og æðarfuglsins.

Nærri þrjú áratugir eru síðan við hófum búskap við brimgarðinn á Barðaströnd. Alla þá tíð hefur félagið sem ber heiti litlu eyjunnar, heimkynna fuglsins og vitavardarins á fyrri tíð, verið kjarninn í þeim góða félagsskap sem farsællega hefur alið upp nýjar kynslóðir á Seltjarnarnesi.

Við Guðrún Katrín, Dalla og Tinna sendum Gróttu heillaóskir á 30 ára afmælinu. Við þökkum góðar stundir sem hún hefur fært okkur og öðrum Seltirningum. Íþróttirnar hafa tengt nýja íbúa hinum eldri og gert Seltjarnarnes að sannkölluðum fjölskyldubæ.

Auðvitað hafa glæstir sigrar, bikarar í höndum afreksliða, fyllt hjörtu bæjarbúa stolti og gleði. Vonandi bíða margir slíkir í framtíðinni.

Samt eru dýrmætastir þeir sigrar sem felast í hollustu nýrra kynslóða og þeirri gleði sem Gróttu hefur fært Seltirningum á öllum aldri.

Hamingjukveðjur frá Bessastöðum.

Ólafur Ragnar Grímsson